

Fréttapistill frá forseta Íslands

25. júlí 2021

Í gær, laugardag, lá leið mín austur á firði. Ég hitti meðal annarra Bræðslustjórannt Heiðar Ásgeirsson, systkini hans Magna og Aldísi Fjólu og föðurinn Ásgeir, auk annarra sem sjá um hina miklu tónlistarhátíð á Borgarfirði eystra. Þar reyndist nauðsynlegt að breyta dagskrá með skömmum fyrirvara vegna þeirra hamla á mannamót sem nú hafa gengið í gildi. Engan bilbug var að finna á þeim Borgfirðingum og heyri ég ekki annað en að upp til hópa ætli Íslendingar sér enn að sýna í verki mátt samstöðu og skynsemi, í þeirri fullvissu að vel verði staðið að vörnum við landsteinana.

Vissulega er sárt að ýmsa viðburði hefur þurft að fella niður eða fresta þeim um stund. Þar að auki geta þær skorður, sem nú hafa verið settar, valdið búsifjum víða. Hitt er þó líklegast að verði ekkert gert til að fækka smitum sitji Ísland á rauðum lista annarra ríkja lengur en ella, með enn meiri vandræðum og kostnaði til lengri tíma litið. Sem fyrr er stjórnvöldum ærinn vandi á höndum. Þeirra er að axla ábyrgð og ákveða aðgerðir.

Eystra leit ég einnig við á Burstarfelli, þeim sögufræga og fallega stað, og þakka velgjörðir þar og annars staðar í þessari stuttu Austurlandsreisu.

Síðustu daga hef ég fylgst með leik og keppni á Rey Cup, knattspyrnumóti ungmenna í Reykjavík. Þar setti veiran strik í reikninginn, þrjú lið þurftu frá að hverfa og sitja í sóttkví. Ég sendi þeim keppendum, sem misstu af mótinu af þeim sökum, hlýjar kveðjur.

Í nýliðinni viku sendi ég Belgiukonungi og forseta Þýskalands samúðarkveðjur vegna hinna hrikalegu flóða sem hafa geisað í löndum þeirra og víðar í Mið-Evrópu. Það úrhelli, sem olli flóðunum, má rekja til loftslagshlýnunar og skaðinn varð eins mikill og raun bar vitni vegna aukins þéttbýlis og áhrifa mannsins á mótun lands.

Á fimmtudaginn var sótti ég minningarstund vegna hryðjuverkanna í Osló og Útey fyrir áratug. Aud Lise Norheim, sendiherra Noregs á Íslandi, flutti ávarp á viðburðinum sem haldinn var við minningarreit um fórnarlömb ódæðanna í nánd við Norræna húsið í Reykjavík. Sendiherrann sagði svo í tilefni þessa sorgardags: „Vi skal bruke dagen både til å minnes de drepte og til å minne hverandre om hvor viktig det er å ta opp kampen mot hatytringer, rasisme og ekstremisme.“ Íslendingar og Norðmenn eiga sameiginlegan menningararf, sagnir og minjar um fornan sið, mannlíf og mannkosti. Hryðjuverkamaðurinn misnotaði þær heimildir í hatri sínu eins og ýmsum öfgahópum er tamt. Við því verður að sporna.

Ég hef áður minnst á þetta í ræðu og riti og leyfi mér að benda á fyrirlestur í opinberri heimsókn til Póllands í byrjun mars 2020, minni síðustu utanför fyrir heimsfaraldurinn: https://www.forseti.is/.../2020_03_04_polland_un_warsaw.pdf. Þar sagði ég m.a.: „The ugly Nazi admiration of Norse mythology is well-known. Today, various neo-Nazi groups base in part their racist beliefs on our ancient faith

and heritage. More often than not, they use symbols like Thor's hammer and refer to Odin in their names. And here we need to defend Asgard. „I think it's obscene“, Hilmar Örn Hilmarsson, the high priest of the Heathen Association – the allsherjargoði of the Ásatrúarfélag – recently said about such extremist links with the old faith. Indeed, we need to defend our ancient heritage against misuse by racist extremists. We need to defend diversity, freedom and tolerance, the fundamental principles of civic society. In this defence, we can actually use ancient customs and sources. Yes, references to intolerance and outdated notions can easily be found. The first laws of Iceland forbade same-sex relations on punishment of death but we have moved from such barbarity. And as high priest Hilmarsson has pointed out, the heathen faith is „a wonderful blueprint“ for multiculturalism and diversity. „The gods are of mixed races,“ he underlined: „We even have a crossdressing god.“

Nú eru Ólympíuleikarnir hafnir og óska ég keppendum Íslands góðs gengis. Skyttan Ásgeir Sigurgeirsson hefur lokið keppni en eftir helgi hefja hin leik, Guðni Valur Guðnason í kringlukasti og sundkapparnir Anton Sveinn McKee og Snæfríður Sól Jórunnardóttir. Þá eru íslenskir þjálfarar áberandi í keppni í handknattleik.

Um miðjan þennan mánuð var hálf öld liðin frá því að fyrra ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokksins, tók við völdum, eftir kosningar þar sem ríkisstjórn missti meirihluta í fyrsta sinn í lýðveldissögunni. Var það Viðreisnarstjórnin svonefnda. Ríkisstjórn Ólafs réðst í að færa fiskveiðilögsöguna í 50 mílur. Af því er merk saga sem ég var farinn að rannsaka og skrifa um áður en ég var kjörinn forseti og hef náð að sinna aðeins áfram milli anna.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.